

## DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2007, fimmtudaginn 13. september var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn úrskurður í kærumáli nr. 5/2007:

Knattspyrnufélagið Valur, handknattleiksdeild

gegn

HSÍ

og

Knattspyrnufélagið Valur, handknattleiksdeild

og

Sigfús Páll Sigfússon

gegn

Knattspyrnufélaginu Fram, handknattleiksdeild

og

HSÍ.

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir, formaður Dómstóls HSÍ.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 14. ágúst 2007, og móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 9:30. Málið var þingfest 13. september 2007 og dómtekið þann sama dag.

Fyrir liggja eftirfarandi dómskjöl:

Kæra, knattspyrnufélagsins Vals, handknattleiksdeildar, (hér eftir nefnt Valur), dags. 14. ágúst 2007.

Kæra Vals og Sigfúsar Páls Sigfússonar, (hér eftir nefndur leikmaðurinn), gegn Knattspyrnufélaginu Fram, handknattleiksdeild, (hér eftir nefnt Fram) og HSÍ, dags. 20. ágúst 2007, og móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 11:40.

Greinargerð Fram, dags. 31. ágúst 2007, og móttekin með tölvupósti á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 15:41.

Greinargerð Vals og leikmannsins, dags. 12. september 2007, og móttekin með tölvupósti á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 14:36 og frumrit móttekið á skrifstofu HSÍ 13. september 2007.

Yfirlýsing frá HSÍ um að synjað hafi verið um félagaskipti Sigfúsar Páls Sigfússonar, dags. 13. ágúst 2007.

### **Dómkröfur kæranda:**

Með kæru, dags. 14. ágúst 2007, kærir Valur ákvörðun HSÍ um að samþykkja ekki félagaskipti leikmannsins úr Fram í Val.

Með kæru, dags. 20. ágúst 2007, kærir Valur og leikmaðurinn Fram og HSÍ og er aðalkrafa kæranda þess efnis að höfnun Fram og HSÍ á félagsskiptum leikmannsins verði felld úr gildi og fallist verði á félagaskipti hans úr Fram yfir í Val og þau staðfest. Að fallist verði á að sanngjarnt gagngjald vegna félagaskiptanna teljist vera kr. 600.000. Til vara eru gerðar sömu kröfur og að framan greinir að öðru leyti en því að dómstóllinn ákvarði sjálfur hvað teljist sanngjarnt gagngjald í skilningi viðaukasamnings, dags. 19. júní 2007. Til þrautarvara er þess krafist að Dómstóll HSÍ vísi ákvörðun um sanngjarnt gagngjald til stjórnar HSÍ, sbr. j-lið 1.10 í lögum HSÍ eða almennra dómstóla, en fallist að einu á beiðni um félagaskipti leikmannsins úr Fram í Val.

Í greinargerð Vals, dags. 12. september 2007, er því hafnað að vísa eigi málinu frá Dómstóli HSÍ.

### **Málsástæður kæranda:**

Í kæru Vals, dags. 14. ágúst s.l., var óskað eftir fresti til að leggja fram frekari gögn, rökstuðning og fullnaðar kæru þar sem formskilyrðum yrði fullnægt, eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 20. ágúst 2007.

Í kæru Vals og leikmannsins, dags. 20. ágúst s.l., kemur fram að leikmaðurinn og Fram hafi gert samning 20. mars 2006 til þriggja ára eða til 30. júní 2009, A leikmannasamning HSÍ og viðaukasamning. Gerðar hafi verið breytingar á samningi aðila með viðaukasamningi, dags. 19. júní 2007, þar sem fram komi að leikmaðurinn hafi heimild til að ræða við önnur félög um félagaskipti á tímabilinu 20. júní 2007 til 20. júlí 2007. Leikmaðurinn hafi nýtt sér þessa samningsbundnu heimild og ræddi við Val að eigin frumkvæði og skrifaði undir félagaskiptabeiðni til HSÍ ásamt Val 16. júlí s.l. Ekki verður gerð nánari grein fyrir málsatvikum og málsástæðum kæranda.

Í greinargerð Vals er m.a. vísað til 7. gr. í lögum um Dómstóla HSÍ um að lög HSÍ taki af skarið með tímamark það hvenær máli beri að vísa frá ex officio. Lög um Dómstóla HSÍ geri ekki ráð fyrir því að máli sé vísað frá síðar. Eftir að varnaraðila hafi verið gefinn kostur á því að tjá sig komi ekki til álita að vísa máli frá dómi. Ekki verður gerð nánari grein fyrir málsatvikum og málsástæðum er fram koma í greinargerð kæranda vegna annarra þátta málsins.

### **Dómkröfur kærða:**

Fram gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá dómi HSÍ og til vara að höfnun á félagaskiptum verði staðfest.

### **Málsástæður kærða:**

Fram segir kröfu Vals frá 14. ágúst 2007 ekki uppfylla skilyrði 6. gr. laga um dómstóla HSÍ og krefst þess að málinu sé vísað frá þess vegna.

Í greinargerð Fram kemur fram að síðari kæran komi frá tveimur aðilum Val og leikmanninum. Kærendur standi saman að kærinni og því sé ekki um sömu kæru að ræða og lögð var fram 14. ágúst 2007. Verði því að líta svo á að um nýja kæru sé að ræða sem hafi borist utan tilskilins kærufrests og því beri að vísa málinu frá.

### **Niðurstaða dómsins:**

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ (hér eftir dómstl.) skal dómsformaður svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. gr. geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir ágallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Samkvæmt dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2002, skal gera þær kröfur við málsmeðferð dómstóls HSÍ að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars.

Í 2. tl. 6. gr. dómstl. er tilgreint í 9 töluliðum hvaða form og efni kæra þarf að uppfylla til þess að mál verði tekið til meðferðar hjá Dómstóli HSÍ.

Í kæru Vals frá 14. ágúst 2007 koma ekki fram þær upplýsingar sem skulu koma fram í kæru, sbr. 1. til 3. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., málavaxta- og kröfulýsingu er áfátt, samkvæmt 4. og 5. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., ekki er vísað til þeirra lagareglna sem við eiga til stuðnings dómkröfum, sbr. 6. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á helstu röksemdum er áfátt, sbr. 7. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á er áfátt og engin fylgigögn fylgja kærinni, sbr. 8. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl. og ekki er upptalið hvaða vitni kærandi mun kalla til við skýrslutöku, sbr. 9. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl.

Kæra Vals frá 14. ágúst 2007 var ekki lögð fram í tveimur eintökum eins og áskilið er, sbr. 3. mgr. 6. gr. dómstl. Þá er framlagt skjal ekki þingmerkt.

Slíkir gallar eru því á kæru Vals frá 14. ágúst 2007 að vísa verður málinu frá dómi.

Ekki er því fallist á þau rök Vals að þar sem dómsformaður hafi ekki vísað málinu frá ex officio strax í upphafi, sé ekki unnt að vísa máli frá á síðari stigum þess fullnægi kæran ekki lagaskilyrðum dómstl. Deiluaðilar hafa ekki náð samkomulagi um að líta svo á að með framlagningu síðari kröfu Vals séu skilyrði 6. gr. dómstl. laga uppfyllt vegna kröfunnar frá 14. ágúst s.l. Er það mat dómarans að úr því verði ekki bætt eftir að kærufrestur líður ef gagnaðili hafnar því. Ekki er því fallist á það með Val að með kæru Vals og leikmannsins frá 20. ágúst 2007, séu uppfyllt skilyrði dómstl. og að um eina kæru sé því að ræða eða framhaldskæru sé að ræða er barst skrifstofu HSÍ 20. ágúst 2007.

Synjun HSÍ á staðfestingu á félagaskiptum leikmannsins úr Fram í Val er dags. 13. ágúst 2007. Kæra Vals og leikmannsins frá 20. ágúst 2007 er því of seint lögð fram, sbr. 1. tl. 5. gr. dómstl. Með vísan til þess er því máli vísað frá dómi.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Kæru Knattspyrnufélagsins Vals, handknattleiksdeildar á ákvörðun HSÍ um að hafna félagaskiptum leikmannsins Sigfúsar Páls Sigfússonar úr Fram í Val er vísað frá dómi.

Kæru Knattspyrnufélagsins Vals, handknattleiksdeildar og leikmannsins, Sigfúsar Páls Sigfússonar, á ákvörðun Knattspyrnufélagsins Fram, handknattleiksdeildar, og HSÍ um að hafna félagaskiptum leikmannsins Sigfúsar Páls Sigfússonar úr Fram í Val er vísað frá dómi.

---

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður